Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Grenndarkynning

Kópavogi, 1. október 2026
2608370/501.05 KH

Kársnesbraut 65. Byggingarleyfisumsókn.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 14. september 2026 var samþykkt að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn vegna lóðarinnar nr. 65 við Kársnesbraut fyrir hagsmunaaðilum að Kársnesbraut 67

Sótt er um að skipta út glugga á vesturgafli rishæðar fyrir hurð og byggja 3,2 m² timbursvalir við hana. Jafnframt er sótt um að bæta við þakglugga á norðurhlið rishæðar.

Tillagan er sett fram á uppdráttum dags. 25. júní 2026. Einnig fylgja samþykktir aðaluppdrættir, dags. í september 1976, þar sem staðsetning fyrirhugaðrar breytingar hefur verið merkt með rauðu.

Ofangreind kynning er aðgengileg í Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is, málsnr. 1138//2026.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvött til að kynna sér tillöguna. Athugasemdum og ábendingum við ofangreinda tillögu skal skila í gegnum Skipulagsgátt www.skipulagsgatt.is, málsnr. 1138/2026, eigi síðar en 1. sóvember 2026.

Ef óskað er frekari upplýsinga um tillöguna má hafa samband við starfsfólk skipulagsdeildar með því að senda tölvupóst á skipulag@kopavogur.is.

Vakin er athygli á að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð. Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar notar upplýsingar sem eru settar fram vegna athugasemda við skipulag til úrvinnslu og auðkenningar. Kópavogsbær er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og afhendir gögn til varðveislu til Þjóðskjalasafns Íslands.

Vakin er athygli á 44. gr. skipulagslaga 123/2010 en þar segir meðal annars:

- Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal skipulagsráð láta fara fram grenndarkynningu.
- Grenndarkynning felst í því að skipulagsráð kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins

Næsti embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa að lokinni kynningu er áætlaður 9. nóvember 2026

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar sveitarstjórn hefur afgreitt málið skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar. Þegar um óverulega breytingu á deiliskipulagi er að ræða sendir sveitarstjórn Skipulagsstofnun samþykkta deiliskipulagsbreytingu.

- Skipulagsráði er heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 1. mgr., hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd. Skipulagsráði er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.
- Þegar um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal sveitarstjórn birta auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda. [Hafi auglýsing um óverulega breytingu á deiliskipulagi ekki verið birt í B-deild Stjórnartíðinda innan árs frá samþykki sveitarstjórnar telst breytingin ógild.]

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsfulltrúa

Karlotta Helgadóttir
Fulltrúi skipulagsdeildar

Rafræn skilríki

Undirritað af: Karlotta Helgadóttir

Tími: 01.10.2026 10:05
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign